



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á
50 ára afmæli
Háskólans í Reykjavík
2. október 2014**

Ágæti rektor, borgarstjóri
nemendur, kennarar
Góðir gestir

Við fögnum í dag merku afmæli skólastarfs sem á upphafsárum lagði grundvöll að nýjungum og framförum, ruddi brautir í samfélagi sem fyrir hálfri öld vildi taka í sínar hendur tæknina, aflið til að breyta fábrotnu atvinnulífi fyrri tíðar í fjölþættan vettvang nútímans.

Grunnurinn sem lagður var í Tækniskóla Íslands gerði Háskólanum í Reykjavík kleift að vaxa og eflast, taka forystu á ýmsum sviðum og láta að sér kveða í alþjóðlegu vísindastarfi.

Skólinn útskrifar nú um það bil tvo þriðju þeirra sem ljúka tækninámi á Íslandi; nýtur sterkra tengsla við atvinnulífið og sækir fram á mörgum vígstöðvum í hagnýtri tölvunarmenntun, í tækninámi og verkfræði, með frumkvæði á sviðum orkumála, steinsteypufræði, gervigreindar, máltækni og heilbrigðistækni, hefur endurnýjað laganám í landi okkar með því að ögra gömlum formum, sýnir frumkvæði í viðskiptafræði, stuðlar að öflugri símenntun og atvinnuþjónustu fyrir nemendur.

Háskólinn í Reykjavík hefur og með námi þvert á deildir farið frumlegar leiðir í nýsköpun; en líka í þróun alþjóðlegra tengsla; haft marga erlenda nemendur og kennara innan sinna vébanda; vísað þannig veginn að nýrri útflutningsgrein, háskólanámi fyrir nemendur víða að úr veröldinni.

Allt er þetta glæsilegt og ekki síður heimkynnin, byggingin sem við njótum nú. Hún er á vissan hátt ævintýri, líkan af himintunglum; enda þurfti bæði kapp, reynslu og útsjónarsemi til að hún yrði að veruleika; einstök og áberandi kennileiti í borginni, byggð á frumlegri og listrænni hugsun.

Háskólasamfélagið sem við höfum þróað á Íslandi er samkvæmt tölum OECD, Efnahags- og framfarastofnunarinnar að mörgu leyti sérstakt; námið tiltölulega ódýrt á hvern nemanda, jafnvel þótt þjóðin verji miklu fé til kerfisins úr sameiginlegum sjóðum. Háskólanemar fá hér almennt ekki styrki frá hendi hins opinbera þó að lánin séu að vísu rausnarleg og hafi dugað flestum vel. Skólagjöld eru fremur lág; jöfn fyrir útlenda sem innlenda. Við höfum orðið öflug í símenntun en aldur útskrifaðra er hærri en í samanburðarlöndum.

Annað sem vekur athygli er að hlutfall einkafjármagns, sem rennur til íslenskra háskóla, er með því lægsta sem þekkist í OECD löndum og væri verðugt verkefni að efna til umræðna um hækkun þess; einkum í ljósi þjónustunnar sem skólarnir og rannsóknir veita þróun atvinnulífsins. Á afmælisári gæti Háskólinn í Reykjavík vísað veginn til slíks samstarfs þar sem atvinnulífið tekur höndum saman við ríkið, þjóðina og skólana sjálfa.

Slíkt átak er líka brýnt þar eð Ísland er í kjölfar fjármálakreppunnar sér á báti meðal OECD ríkja hvað snertir að færa framlög til háskólamenntunar í fyrra horf, einkum í ljósi þess að nemum hefur talsvert fjölgað.

Þótt háskólakerfi okkar Íslendinga sé þannig á margan hátt sérstakt og raunar á ýmsum sviðum frekar veikburða í alþjóðlegum samanburði hefur það samt ýmsa kosti.

Innan háskólanna skipir sköpum heilbriggt jafnvægi samkeppni og samhjálp og í þeim efnum hjálpa smæðin og hefðirnar okkar unga fólki. Í mörgum frægustu háskólum heims er samkeppni svo mikil að nemendum kemur ekki til hugar að lána bekkjarfélaga, sem missti af síðasta tíma vegna veikinda, glósumnar sínar heldur vonast til að geta slegið hann út í samkeppninni. Hið frjóa og skapandi háskólaumhverfi þarf að vísu samkeppni en um leið heilbrigða teymisvinnu og samstarf; sameiginlegt markmið allra. Þannig verður uppskera í senn árangur og vinátta.

Á fyrri tíð var einangrun Íslands vandamál; samgöngur hægvirkar, jafnvel hættulegar þegar þurfti að fara til annarra landa. Nú veitir veraldarvefurinn öllum tækifæri til að skapa tengsl og dreifa þekkingu án verulegrar fyrirhafnar; ný fyrirtæki verða til og ná heimsforystu á

skömmum tíma. Yfir vefinn eru sóttar upplýsingar um hráefni til framleiðslu og um markaði; forritun keypt hinum megin á hnettinum, unnin meðan við sofum og verkinu skilað að morgni.

Þessi nýji tími felur í sér mikil tækifæri fyrir okkur öll og gaman hefur verið að fylgjast með því hve vel Háskólinn í Reykjavík hefur siglt um þessi nýju höf heimstengslanna um leið og hann hefur ræktað sinn garð hér í borginni og fræðasamfélagi Íslendinga.

Fámennið er ekki lengur það vandamál sem áður var. Hnattvæðingin og aukin alþjóðleg samvinna hafa skapað okkur litlu þjóð fjölda nýrra tækifæra og Háskólinn hefur á öflugan hátt opnað augu okkar fyrir eðli þeirra þáttaskila.

Framundan eru þó gríðarlegar áskoranir og væntingar miklar um framlag háskólanna til þróunar æ flóknara þjóðfélags, vaxandi kröfur um aukna framleiðni í krafti tækninnar; kröfur um lausnir á mörgum sviðum.

Ég tek hér dæmi, aðeins eitt úr safni fjölda; dæmi um vanda sem var fyrir röskri viku dagskrárefni þegar leiðtogar ríkja heims komu saman í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna.

Loftmengun ógnar nú heimsbyggðinni, brýn þörf á nýjum lausnum á sviði tækni og samfélagsgerðar, sjálfbærni í orkubúskap og samgöngutæki af nýju tagi. Þessi ógn skapar líka verkefni fyrir verkfræðinga vegna flóðavarna, fyrir lögfræðinga vegna vaxandi tíðni skaðabóta og fyrir viðskiptafræðinga vegna nýjunga í markaðsþróun. Heimurinn allur horfir til háskólanna, hinna nýju verkstæða í framförum, tækni og þjóðfélagsháttum, til vísindamanna og tæknifólks; rannsóknarstofur og kennsluver vettvangur vona á nýrri öld.

Háskólanum í Reykjavík hefur tekist að gera sig rækilega gildandi í slíkri nýsköpun. Því hef ég kynnst í mörgum heimsóknum; ætíð uppörvandi að hlýða á frásagnir af rannsóknum og vísindastarfi, skynja kraftinn í nemendunum. Og hvergi er eins skemmtilegt að koma á maraþondaga þar sem fyrirlestrar virðast engan enda taka þótt hver og einn fái bara nokkrar mínútur.

Þið getið svo sannarlega verið stolt af árangrinum og ég færi ykkur hér í dag heillaóskir og þakkir þjóðarinnar. Íslendingar meta mikils framlag Háskólans í Reykjavík til framfara, þekkingar og hagsældar og vænta mikils af starfi skólans á komandi árum. Þjóð með glæsilega háskóla og rannsóknarsetur getur með gleði gengið til móts við nýja tíma.